

## 6. gr.

117

Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur 2 mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiða ber af útsvörum samkv. 30. gr. laga nr. 106 23. júní 1936. 22. nóv.

## 7. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti samkv. reglugerð þessari eru allar fasteignir bæjar-sjóðs Reykjavíkur aðrar en lóðir og lönd, sem seld eru á leigu.

Ennfremur eru undanþegnar kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru leigð út til skemmtana, skólahús, barnahæli, sjúkrahús, elliheimili, þinghús og hús annara ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milli-rikjaerindum. Hið sama er um lóðir, sem fylgja slíkum húsum, og lóðir, sem eru til opinberra þarfa.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðiljum að skjóta málinu til dómstólanna.

## 8. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami for-gangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

## 9. gr.

Fasteignaskatt og dráttarvöxtu má taka lögtaki.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar hefir samið og sam-þykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69 31. desember 1937 til að öðlast gildi 1. janúar 1939, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. nóvember 1938.*

**Skúli Guðmundsson.**

*Vigfús Einarsson.*

## AUGLÝSING

118

um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki. 24. nóv.

Samkvæmt reglum frá 26. september 1935, um blöndun á íslenzku smjöri í smjör-líki, skal frá 1. desember þ. á. allt smjörlíki, sem framleitt er hér á landi, innihalda 5% af íslenzku smjöri, svo og erlent smjörlíki, sem flutt kann að verða til landsins.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing frá 27. október 1937, um afnám blöndunar smjörs í smjörlíki.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. nóvember 1938.*

**Skúli Guðmundsson.**

*Vigfús Einarsson.*